

Skólaráð

Skólaráð 15. desember 2015

46. fundur

Fundur settur kl. 8.15

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen formaður Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúi grenndarsamfélags, Þórður Skúlason og Þorbjörg Guðmundsdóttir fulltrúar nemenda.

Efni fundarins:

1. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2015
2. Forvarnaráætlun
3. Ráð og teymi innan skólans
4. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2015: Fórum yfir niðurstöður samræmdra prófa og má segja að við getum vel við unað um niðurstöður þeirra hérna innan skólans. Þessar niðurstöður ræddar. Mikilvægast er að skoða þær vandlega og vinna úrbótaáætlanir eftir þörfum.

Forvarnaráætlun Setbergsskóla: Kolbrún Björnsdóttir kynnti forvarnaráætlun skólans og að þeir sem fylgdu henni eftir væru þeir sem sætu í eineltis- og forvarnarteymi skólans. Hún sýndi forvarnaráætlun 10. bekkjar og á hvaða þætti lögð er áhersla og hvenig þeim er fylgt. Meðal annars fáum við fræðslu frá samtökunum 78, fræðsla um viðbrögð okkar við áföllum og sorg. Jafnframt sýndi hún áætlun fyrir 1. – 5. bekk. Ræddum hvort við ættum að byrja fyrr á fræðslu um jákvæða netnotkun. Eins var rætt

Skólaráð

að við þyrftum að endurskoða fræðslu um jákvæð samskipti og tengja það við jákvæða netnotkun. Reynum að taka inn ýmislegt sem er í boði til skólans og falla að okkar áætlunum. Mikil umræða var hvort kenna ætti fjármálalæsi í skólanum og hve mikla áherslu við eigum að leggja á hana. Kolbrún ítrekaði að mikilvægt væri að heyra raddir foreldra varðandi netnotkun og fræðslu um hana. Ábending kom um að inn í forvarnaráætlun okkar vantaði allt varðandi hreyfingu.

Ráð og teymi innan skólans: Skólastjóri fór yfir hlutverk nemendaverndarráðs. Þar sem vísað er málum einstakra barna og með því er m.a. reynt að tryggja virkni stoðkerfis okkar. Lausnateymið er ekki lögbundið eins og nemendaverndarráð en starfar meira eins og jafningjastuðningur. Í teyminum og stýrihópnum skólans starfa kennarar og aðrir starfsmenn skólans. SMT teymi skólans heldur utan um alla þá vinnu og fylgir eftir þeirri vinnu. Leggur fram starfsáætlun og fylgir eftir að henni sé fylgt, fræðsla til starfsmanna, rýnihópavinna þrjár hópar fyrir jóla og þrjár hópar eftir áramót. Margt skemmtilegt og áhugavert sem kemur út úr rýnihópavinnu okkar. Spurt var um árangur af SMT og hvernig við mælum hann. Skólastjóri sagði frá setlistunum og hvernig þeir væru lagðir fyrir. Í rýnihópunum kemur fram ánægja hjá nemendum með SMT og að fá hrós og hvatningu meðal annars með því að fá geisla. Mikil vinna er varðandi læsið og hafa stjórnendur skólans haldið utan um það. Stefnt er að því að halda kynningarfundum fyrir foreldra um hvernig við erum að vinna og hvaða mælitæki við notum. Erum hluti af stórra rannsókn sem snýr að læsi og er starfandi þróunarhópur í kringum þá vinnu. Tveir kennarar halda sjá um Stóru upplestrarkeppnina. Skólastjóri sagði frá stýrihópi Olweusaráætlunar, matsteyminu, stjórn foreldrafélagsins.

Önnur mál:

Einstaklega góðar smákökur voru í boði Heiðu.

Rætt var um að setja saman rýnihóp foreldra. Hugmynd að fá bekkjarfulltrúa inn í þann hóp. Stungið upp á að boða foreldrana á fund seinni part dags og bjóða upp á hressingu. Setja þarf markmið með fundinum og skýrt umræðuefni. Fyrst þarf

Skólaráð

undirbúningshópurinn að hittast og ákveðið var að hittast mánudaginn 11. janúar
2016 kl. 15:30.

Fundi slitið kl. 09:30

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.